



Dagsetning 20.11.2025
Málsnúmer MRN24040094

Vegna viðurkenningar Myndlistaskólans í Reykjavík sem einkaskóli á framhaldsskólastigi; kennsluhúsnæði skólans

Vísað er til afgreiðslu umsóknar Myndlistaskólans í Reykjavík, kt. 460269-4079, dags. 10. júlí 2024, um endurnýjun á viðurkenningu skólans sem einkaskóli á framhaldsskólastigi til þriggja ára og til erindis skólameistara, dags. 22. júlí 2024, varðandi gildi viðurkenningar þrátt fyrir breytt kennsluhúsnæði skólans. Myndlistaskólinn í Reykjavík er nú staðsettur í húsnæði að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík.

Meðal skilyrða fyrir viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi er að kennsla fari fram í skólahúsnæði sem uppfyllir lög og reglugerðir þar að lútandi, sbr. h-lið 1. mgr. 12. gr. laga um framhaldsskóla. Með vísan til þess er ein af forsendum viðurkenningar að húsnæði sem umsækjandi notar til reglubundinnar kennslustarfsemi uppfylli allar kröfur. Lýsing á húsnæðinu þarf að liggja fyrir, þar sem aðstöðu er lýst auk aðgengi fatlaðra og önnur sérhæfð aðstaða sem starfsemin krefst. Þá þarf húsnæðið að fá jákvæða umsögn slökkviliðs um eldvarnir og einnig þarf gilt starfsleyfi að liggja fyrir ásamt nýjustu niðurstöðum eftirlits heilbrigðiseftirlits.

Myndlistaskólinn í Reykjavík hefur skilað inn ítarlegri lýsingu á nýju húsnæði að Rauðarárstíg 10 ásamt teikningum, jákvæðri umsögn slökkviliðs, dags. 8. september 2025, og starfsleyfi sem gildir til 23. október 2037.

Með vísan til framangreinds staðfestist hér með að viðurkenning Myndlistaskólans í Reykjavík, dags. 10. júlí 2024, byggir á því að kennsla fari fram í húsnæði skólans að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Viðurkenning skólans gildir ekki um fyrra húsnæði skólans að Hringbraut 121, 101 Reykjavík.

Fyrir hönd ráðherra,

Anna Tryggvadóttir

Nanna Kristjana Traustadóttir